

A 1882/presidiet

Flytjandi Norræn vinstri græn
Afgreiðsla Forsætisnefndin

**Þingmannatillaga
um norrænar neyðarbirgðageymslur til nota þegar hætta steðjar að****Tillaga**

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún vinni rannsóknarskýrslu um möguleika á sameiginlegum neyðarbirgðageymslum af til dæmis hlífðarbúnaði, lyfjum og matvælum.

Bakgrunnur

Sá kórónafaraldur sem nú geisar hefur haft hrikalegar afleiðingar um allan heim. Einstaklingar og samfélagið í heild hafa neyðst til að söðla um. Faraldurinn hefur afhjúpað alvarlega breytingu í neyðarviðbúnaði landanna.

Þegar Norðurlandaráð samþykkti stefnu um samfélagsöryggi árið 2019 óraði engan fyrir því að hún yrði svo mikilvæg innan tíðar. Nú er tímabært að ríkisstjórnir Norðurlandanna og Norræna ráðherranefndin grípi til tilmæla Norðurlandaráðs í stefnunni um samfélagsöryggi og hefjist handa við að bæta neyðarviðbúnað á Norðurlöndum.

Sá breyting sem var mest áberandi skömmu eftir að faraldurinn braust út á Norðurlöndum var skortur á hentugum hlífðarbúnaði fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Nú er það ófullnægjandi framleiðsla bóluvefnis sem er vandamál um allan heim. Í annars konar hættuástandi skortir til að mynda varahluti og matvæli. Þess háttar viðbúnaður kallar á norræna samvinnu.

Í dag eru almannavörnum og neyðarviðbúnaði hagað á mismunandi vegu í löndunum. Finnland hefur þróað neyðarviðbúnaðaráætlanir og komið sér upp neyðarbirgðageymslum af matvælum. Svíþjóð kom sér upp neyðarbirgðageymslum eftir kalda stríðið en í dag skortir nægilegan viðbúnað ef alvarleg hætta skyldi steðja að. Að öllum líkindum yrði of kostnaðarsamt fyrir hvert land um sig að koma sér upp þess háttar birgðageymslum. Þrátt fyrir að markmið landanna eigi að vera að auka birgðir sínar af matvælum og öðrum nauðsynjavörum gæti lausnin einnig falist í sameiginlegum neyðarbirgðageymslum á Norðurlöndum.



Í stefnu Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi er bent á að norrænu ríkisstjórnirnar ættu að vinna saman að því að tryggja nægilegt framboð af nauðsynlegum lyfjum og öðrum lækningavörum. Þá er í stefnunni vakin athygli á mikilvægi þess að áhrifa-greina matvælabirgðir á Norðurlöndum ef alvarlegt hættuástand myndast. Ástæða er til að kanna hvort sameiginlegar neyðarbirgðageymslur gætu leyst ýmsar áskoranir sem blasa við á sviði almannavarna og neyðarviðbúnaðar á Norðurlöndum.

Norræn vinstri græn telja að Norræna ráðherranefndin eigi að rannsaka hvaða möguleikar og norræna nytsemi gæti falist í að hefja samstarf um neyðarbirgðir. Rannsóknin gæti bent á hvaða búnaður væri gagnlegastur í sameiginlegum birgðageymslum og hvernig þetta mætti framkvæma á sem liprasta hátt.

Norðurlöndum, 12. apríl 2021

Christian Juhl (EL)

Daniel Riazat (V)

Freddy André Øvstegård (SV)

Høgni Hoydal (T)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Lorena Delgado Varas (V)

Rasmus Nordqvist (SF)

Sofia Geisler (IA)

Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)

Veronika Honkasalo (vänst)